


# 4. DÓMARINN KSÍ

Verkefnalisti og fyrirmæli fyrir nýja og starfandi 4. dómara Knattspyrnusambands Íslands.

Sett saman fyrir keppnistímabilið 2018.



## Undirbúningur fyrir leikdag

**Góður undirbúningur er forsenda góðrar frammistöðu**

Mikilvægt er að hringja ávallt í dómara daginn fyrir leik.

4. dómari skal vera klár með skiptimiða frá KSÍ fyrir þá keppni sem leikurinn er í. Skiptimiðum er komið á forráðamenn/liðsstjóra beggja liða stuttu fyrir leik.

Athuga stöðu skiptisþjalds á leikstað, og ef skiltið er rafrænt, skuli það vera fullhlaðið.

Allur búnaður tekinn með í leikinn, svo sem búningar, takkaskór, aðstoðardómarafloegg, flauta, spjöld og annað sem á við.

Lesu upplýsingablað um notkun samskiptabúnaðar ef óvissa ríkir um notkun hans.

Kynna sér skjal um stjórnun á boðvangi frá KSÍ.

**Mikilvægt er að undirbúningur sé í besta lagi**

Undirbúa sig ítarlega fyrir leikinn, líkamlega og andlega. Taktískur undirbúningur fyrir samskipti við boðvangana tvo gæti skilað miklu.

4. dómari er mikilvægur hluti teymisins. Stærsta ákvörðun dagsins gæti komið frá honum.

4. dómari þarf auk þess að vera klár í að taka við af öðrum meðlimi dómarateymisins sökum meiðsla.

Fagmennska í fyrirrúmi þar til verkefninu í heild sinni lýkur.

## Verkefnalisti fyrir leik

Vallarskoðun með dómarateyminu. 4. dómari ber sérstaka ábyrgð á því að boðvangar séu rétt merktir

4. dómari kemur skilaboðum til heimaliðs ef úrbóta er þörf. Önnur skilaboð til forráðamanna liða er hvar upphitun skuli fara fram ásamt hámarksfjölda varamanna sem mega hita upp samtímis, ef nými til þess er takmarkað.

4. dómari ber ábyrgð á að keppnisboltar séu löglegir og réttur fjöldi þeirra útvegaður. Ef úrbóta er þörf er heimaliði tilkynnt um slíkt.

Um það bil klukkustund fyrir leik fer 4. dómari inn í búningasklefa beggja keppnisliða og athugar búninga og búnað leikmanna. Þá er gott tækifæri til að minna leikmenn á kröfur knattspyrnulaganna varðandi útbúnað þeirra. Tryggja skal að ekki séu líkindi með búningum liða, útileikmanna og markvarða.

Mikilvægt að enginn efi sé til staðar eftir samstarf dómarateymisins.

Í upphitun teymisins nýtir 4. dómari tækifærið og athugar útbúnað þeirra leikmanna sem eiga að hefja leik inn á. Ef úrbóta er þörf er liðsstjóra/forráðamanni þess liðs tilkynnt um slíkt.

Eftir að upphitun dómarateymis og beggja liða, um það bil korteri fyrir leik, gengur 4. dómari úr skugga um að engar nýjar skemmdir sé að finna á marknetum.

4. dómari er klæddur sama búning og dómarateymið innan undir upphitunargallanum. Sem minnstum tími skal varið í dómarskiptingar.

Aðeins þeir skráðir á leikskýrslu eru í, eða við, boðvangana.

## Leikstjórn boðvanganna

**Virðing er lykilatriði í samskiptum við bekkina. Parf að vera í báðar áttir.**

Hafið það í huga í ykkar samskiptum við bekkina að boðvangarnir verða þarna ásamt aðilum leiks allan leikinn, hvorki þú né þau munu geta farið annað.

Ekki á ábyrgð 4. dómara að gæta þess að aðilar leiks hegði sér á ábyrgan hátt. Hins vegar í verkhring 4. dómara að grípa til agarefsinga þegar að aðilar leiks hegða sér á óábyrgan hátt.

*Ef óábyrgð hegðun á sér stað verður að refsa henni. Ekki vera eini sem tekur ekki eftir því (vísa í skjal KSÍ um stjórnun boðvanga).*

Mikilvægt ef 4. dómari kallar dómara til sín að samskipti þeirra fari ekki fram í heyranda hljóði þeirra sem dvelja á boðvangi.

Upplýsingagjöf vegna ákvarðana teymis þegar á við og er mögulegt. Mikilvægt að samskipti milli 4. dómara og bekkja séu möguleg en ákveðinni fjarlægð samt haldið. Munum að 4. dómari mun sjaldnast eiga síðasta orðið.

**Hér er ekki átt við að þjáfarar/liðsstjórn geti krafist útskýringa í hverri ákvörðun dómarateymis.**

Tala um staðreyndir og segja sem minnst: „Leikmaður nr. 3 fékk rautt spjald fyrir alvarlega grófan leik” og tala um staðreyndir (takmarka eins og frekast er kostur). Slíkt býður upp á minni mótmæli.

Mikilvægt að sýna samstöðu með ákvörðun dómara eða teymis. Ekki segja þjáfara að þú sért ósammála dómara í mikilvægu atviki. Betra að segja þá bara sem minnst og að dómari sé í betri aðstöðunni til þess að meta atvikið.

Mikilvægt að líkamstjáníng 4. dómara sé fagleg, til dæmis að hendur séu ekki í vösum eða krosslagðar.

## Helstu verkefni í leik

**Grunnskyldur 4. dómara skv. knattspyrnulögum:**

Að stjórna leikmannaskiptum og tryggja að búnaður varamanna sem skipt er inn sé í samræmi við knattspyrnulögin. Skipting/ar eiga sér aðeins stað þegar að 4. dómari er klár. Aðstoðardómari 1 aðstoðar eftir þörf. Undirbúningur á skiptingu/m bíður afgangi ef leikurinn er að fara fram nálægt 4. dómara.

Stjórnar endurkomu leikmanns inn á leikvöllinn eftir merki frá dómara.

Gefa til kynna þann lágmarks viðbótartíma sem dómari hyggst láta leika í lok hvors hálfleiks (einnig í framlengingu).

Upplýsa dómara um óábyrga hegðun einstaklinga á boðvangi.

**Önnur verkefni 4. dómara:**

Halda utan um skráningar atvika (áminningar, mörk o.fl.).

4. dómari er auka augu dómara og aðstoðardómara. Vera reiðubúinn að koma með álit eða upplýsingar um atvik á öruggan og skýran hátt.

4. dómari sérstaklega vakandi fyrir atvikum fjarri boltanum sem gætu farið framhjá öðrum meðlimum dómarateymsins.

Ná númeri leikmanna sem brjóta af sér. Sérstaklega mikilvægt að ná númeri leikmanns sem brýtur af sér í beittum hagnaði.

Fylgjast með fjölda brota leikmanna (síbrotamenn). Einnig vakandi ef ítrekað er brotið á sama leikmanni.

Veita álit á alvarleika brots og viðeigandi agarefsingu.

Klár í að skýra frá mögulegum agarefsingum vegna hópamótmæla eða langferða til að mótmæla.

## Helstu verkefni eftir leik

Mikilvægt er að 4. dómari, líkt og allt dómarateymið, haldi einbeitingu eftir lokaflautið (lok fyrri hálfleiks líka). 4. dómari er undir venjulegum kringumstæðum síðasti meðlimur dómarateymisins af leikvöllinum. Sérstaklega mikilvægt í miklum hitaleikjum.

4. dómari ber ábyrgð á leikskýrslugerð að leik loknum. Því mikilvægt að öll atvik séu staðfest skýrt og greinilega í samskiptabúnaði á meðan leik stendur. Dómarateymið bera bækur sínar saman í hálfleik og aftur eftir leik. Skriflega leikskýrslan er alltaf kláruð á leikstað.

Leikskýrslugerð 4. dómara fer ekki fram á sama tíma og fundur eftirlitsmanns með teyminu.

### Hálfleikur

4. dómari fer út á leikvöll rétt áður en teymið allt fer út í þeim tilgangi að athuga hvort einhverjar skiptingar muni eiga sér stað í hálfleiknum.

### Vítaspyrnukeppni

Aðeins þeir sem skráðir eru á leikskýrslu í eða við boðvanga.

4. dómari gætir þess að jafn fjöldi leikmanna taki þátt fyrir bæði lið (meiðsli eða brottvísanir).

### Fjölmíðlar

Gæta þess að samskipti 4. dómara séu ekki tekin upp af hljóðnemum sjónvarpsútsendingar.

### Samskiptabúnaður

Gæta þess að samskipti 4. dómari og bekkja séu ekki að trufla aðra meðlimi dómarateymsins, hvort sem rásin sé opin eða lokuð.